



Fornleifaskráning

vegna deiliskipulags

norðan Mjólkurbús Flóamanna og Selfossveitna



Horft til suðurs yfir deiliskipulagssvæðið

**Edda Linn Rise,
Margrét Hrönn Hallmundsdóttir
og Guðný Zoëga**

September 2004

2004/2

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Tilgangur fornleifaskráninga	2
Fornleifaskráning og aðferðir	4
Saga jarðanna og fornleifar	5
Laugardælir	5
Laugardælakirkja	5
Laugardælaferja	6
Selfossveitur og Smiðjur KÁ	6
Mjólkurbú Flóamanna	7
Sjúkrahús Suðurlands	7
Selfoss	8
Samatekt	8
Heimildaskrá	9

Inngangur

Deiliskipulag á svæði norðan Mjólkurbús Flóamanna og Selfossveitna var unnið í september 2004 fyrir Sveitarfélagið Árborg að ósk Skipulags- og byggingadeildar sveitarfélagsins. Á svæðinu er gert ráð fyrir iðnaðarsvæði fyrir Mjólkurbú Flóamanna og framkvæmda- og veitusvið Sveitarfélagsins Árborgar.

Þriðjudaginn 24. ágúst var farið á fund Grétars Zophaníassonar þar sem hann afhenti gögn er varða deiliskráningu svæðisins. Við lok fundarins var gengið um svæðið og athugað hvort einhverjar minjar væru sjáanlegar á svæðinu. Þann 30. september var tekið viðtal við Guðmund Kristinsson fræðimann varðandi mögulegar minjar á deiliskipulagssvæðinu.

Skráninguna önnuðust fornleifafræðinemar úr Háskóla Íslands þær Margrét Hrönn Hallmundsdóttir og Edda Linn Rise fyrir hönd Byggðasafns Árnesinga, undir stjórn Guðnýjar Zoëga fornleifafræðings Byggðasafns Skagfirðinga.

Tilgangur fornleifaskráninga

Í Þjóðminjalögum nr. 107/2001 er kveðið á um að stuðla beri að verndun menningarsögulegra minja í eigin umhverfi og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða, að auðvelda eigi aðgang að þeim, kynna þær þjóðinni og greiða fyrir rannsóknum. Í 9. grein laganna eru fornleifar skilgreindar sem:

[...] hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;

- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast fornleifar, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar [...].

Samkvæmt lögnum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 10. grein laganna segir að fornleifum megi enginn „spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema leyfi fornleifanefndar komi til.” Þetta á við um allar fornleifar, óháð sérstakri friðlýsingu. Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Fornleifavernd ríkisins. Komi fornleifar í ljós við jarðrask skal fresta vinnu á staðnum uns ákvörðun Fornleifaverndar liggur fyrir um hvort og með hvaða skilyrðum framkvæmdir megi halda áfram (sjá 14. gr.).

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalaus. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum

minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum.

En það er ekki síður hagur þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Segja má að við það vinnist tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar, sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi, en reynist svo nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum.

Björgunaruppgröftur, sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum, er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar þess vegna hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.

Almennt er æskilegt að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum en sé þess enginn kostur ber að tilkynna Fornleifavernd ríkisins um framkvæmdirnar með fyrirvara. Getur Fornleifavernd ef svo ber undir krafist þess að framkvæmdum sé frestað uns fornleifarannsókn hefur farið fram. Þeir, sem standa fyrir meiri háttar framkvæmdum, bera kostnað af fornleifarannsóknum sem nauðsynlegar reynast þeirra vegna (sjá 14. gr. þjml.).

Fornleifaskráning og aðferðir

Fornleifaskráningin á vettvangi var takmörkuð við það svæði sem verið er að deiliskipuleggja norðan Mjólkurbús Flóamanna og Selfossveitna á Selfossi og að hluta til í Hraungerðishreppi.

Áður en vettvangskönnun fór fram voru helstu heimildir kannaðar svo sem jarðabækur, örnefnaskrá, túnakort og fornrit til að leita að vísbendingum um fornleifar á svæðinu. Þessar upplýsingar eru allar skráðar í gagnagrunn Þjóðminjasafns Íslands, Sarp.

Við mat af þessu tagi eru aðeins skráðar þær fornleifar sem geta orðið fyrir raski eða eru í námunda við framkvæmdirnar. Ekki má líta svo á að um tæmandi

fornleifaskráningu á vettvangi sé að ræða, einkum þar sem framkvæmdir eru minniháttar og aðeins um litla tilfærslu að ræða.

Saga jarðanna og fornleifar

Eftirfarandi er hin eiginlega Deiliskráning með aðfaraorðum um Laugardæli, Sjúkrahús Suðurlands og Mjólkurbú Flóamanna.

Laugardælir

Jörðin Laugardælir hefur ýmist verið kölluð Laugardælur eða Laugardælir í gegnum aldirnar. Í Landnámabók er sagt frá landnámi Hraungerðishrepps og segir þar: „Þeir bræðr námu síðan Hraungerðingahrepp, ok bjó Hröðgeirr í Hraungerði, en Oddgeirr í Oddgeirshólum, ...“ (Íf I: 69) „Samkvæmt því er jörðin Laugardælur í landnámi þeirra bræðra. Eigi mun kunnugt hver tók sér þar fyrst bólsetu, ...“ (Su: 255)

Þó svo ekki sé í raun vitað hve löng búsetan hefur verið í Laugardælum þá má leiða að því líkur að búsetan þar eigi langa sögu. Jörðin er nefnd í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns og kemur þar fram að jörðin er kirkjustaður og beneficium og jarðardýrleiki „óviss, því staðurinn er aldeilis tíundarfrí so sem öll önnur beneficia.“ (JÁM:119) Í sömu bók kemur fram að jörðin er til árið 1682 og var þá dýrleiki staðarins xv ^{sk}. Þegar bókin er skrifuð voru hjáleigur heimastaðarins fimm talsins; Reykjavellir, Þorleifskot, Músarhóll, Völlur (Vatnaskot), Rimi. Svarfhóll var svo í eigu „beneficium Laugardælur“. (JÁM:120-123)

Í *Jarðatali á Íslandi* eru Laugardælir beneficium og hjáleigurnar þrjár; Reykjavellir, Þorleifskot og Ósgerði. Þær jarðir sem voru eign Laugardælakirkju voru Uppsafir og Svarfhóll. (JÁÍ: 56) Í Sunnlenskum byggðum er talað um að Ósgerði, sem einnig var stundum nefnt Völlur eða Vatnaskot, hafi farið í eyði 1880. Þar segir einnig að allar hjáleigurnar sex, hafi verið lagðar undir heimaörðina nema Uppsafir en sú jörð var seld ábúandanum þar. (Sb II: 456.) Þrjár jarðanna hafa nú lagst í eyði en Reykjavellir fór í eyði árið 1939, Moshóll árið 1905 og Svarfhóll lagðist í eyði 1919. (Sb II: 458)

Laugardælakirkja

Laugardælakirkja kemur fram í kirknaskrá Páls Jónssonar biskups frá því um 1200, svo kirkja hefur verið þar frá því snemma í kristni. (DI XII:1) Laugardælakirkja er

einnig nefnd í bréfi skrifuðu 1397 (DI IV:53) og í Annálum, m.a. árið 1784 þegar kirkjan féll til grunna í jarðskjálftum. (Annálar VI: 257.) „Hraungerðissókn var skipuð ásamt Oddgeirshólasókn til Laugardæla árið 1636, en frá 1752 voru Laugardælir annexía frá Hraungerði og þar til 1959 er kirkja var fyrst reist á Selfossi ...“ (KÍ:12) Árið 1956 „var hin gamla Laugardælasókn lögð niður, kirkjan rifin og efnið selt. ... Hinn aldagamli kirkjustaður, Laugardælur, var svo kirkjulaus í nokkur ár.“ (Sb II: 434) Árið 1964 var ný kirkja reist í Laugardælum á grunni kirkjunnar sem stóð þar áður.

Laugardælaferja

„Áður en brúin á Ölfusá var byggð hjá Selfossi árið 1891 var ein fjölfarnasta lögferja landsins á Ölfusá hjá Laugardælum og varð staðarbóndinn að sjá um ferjuna. Síðasti ferjubóndi í Laugardælum var Guðmundur Guðmundsson héraðslæknir og lét hann smíða síðasta ferjuskipið sem þar var notað.“ (SbII: 456)

Selfossveitur og Smiðjur KÁ

Vinnsla jarðhita hófst að undirlagi forráðamanna Kaupfélags Árnesinga í landi Laugardæla árið 1948 en árið 1968 keypti Selfosshreppur jarðhitaréttindin og hitaveituna. Árið 1981 var byggð stofnlögn til Eyrarbakka og Stokkseyrar og í kjölfarið dreifikerfi hitaveitu í bæjunum og Sandvíkurhreppi. Skipulögð rafvæðing hófst með tengingu Sogsvirkjana árið 1947. Selfossveitur starfrækja stjórnstöð í húsakynnum að Austurvegi 67, austan við Mjólkurbú Flóamanna. Þaðan er eftirliti, vinnslu og dreifingu orku stjórnað. Selfossveitur er sjálfstætt þjónustufyrirtæki á sviði orkuiðnaðar og er í eigu sveitarfélagsins Árborgar. Það annast öflun, dreifingu og sölu heitu vatni til viðskiptavina sinna á Eyrarbakka, Selfossi, Stokkseyri og í Sandvíkurhreppi og að Laugardælum í Hraungerðishreppi. Íbúar á veitusvæðinu eru um 6.200. (www.selfossveitur.is)

Kaupfélag Árnesinga, sem varð eigandi Laugardæla árið 1937, byggði upp atvinnustarfsemi á jörðinni, leigði Búnaðarsambandi Suðurlands jörðina fyrir tilraunabú frá 1950 og rak trésmiðju, rafverkstæði, renniverkstæði, varahlutaverslun og járnsmiðjur á stórri lóð austan Mjólkurbúsins og Laugardælavegar sem nefnist

Austurvegur 69. Í dag er þar iðnaðarstarfsemi af margvíslegum toga en eignarhald kaupfélagsins er þó fyrir bí.

Mjólkurbú Flóamanna.

Mjólkurbú Flóamanna er 75 ára í ár. Það er samvinnufyrirtæki í eigu bænda, stofnað af bændum í Flóa og hefur frá upphafi verið brautryðjandi í mjólkuriðnaði á Íslandi. Það er stærsta mjólkurbú landsins og nær starfssvæði þess frá Hellisheiði í vestri að Hellisheiði eystri. (www.mbf.is). „Þegar farið var að undirbúa byggingu mjólkurbús í Flóanum lýsti Eggert Benediktsson bóndi í Laugardælum því yfir að hann skyldi gefa land undir búið ef það yrði byggt í landi Laugardæla. Á stjórnarfund 11. febrúar 1931 afhenti Eggert gjafabréfið og var lóð búsins einn og hálfur hektari.“ (Fb: 48) „Byrjað var að grafa fyrir grunni Mjólkurbús Flóamanna 31. ágúst 1928 og var reisugilli haldið 28. febrúar 1929.“ (Fb:50) Fyrsti mjólkurbússtjórinn hóf störf 11. júní 1929 og hét hann Carl Jørgensen, danskur að uppruna. Arkitekt búsins var Guðjón Samúelsson húsameistari ríkisins og var hús reist í hinum svonefnda burstabæjastíl Guðjóns. Tók mjólkurbúið við fyrstu mjólkinni 5. desember 1929.

Húsakynni Mjólkurbús Flóamanna voru endurbyggð á 6. áratugnum og með reglulegu millibili hefur MBF reist útbyggingar út frá aðalbyggingu þess, nú síðast 1994 þegar tekið var í notkun hús sem hýsir aðalanddyri, rannsóknarstofu og fundarsali.

Undanfarin tíu ár hafa svo verið í gangi miklar og dýrar framkvæmdir við frárennslismál frá búinu. Stefnt er að byggingu frárennslisstöðvar á svæðinu sem verið er að deiliskipleggja, sömuleiðis mun hluti af almennri starfsemi búsins flytja á svæðið. (Fb:160,172; Tillaga að breyttu aðalskipulagi 1995-2015, breyting júní 2004; Viðtal: Sigurður Mikaelsson sölustjóri MBF við Lýð Pálsson safnstjóra 28.9.2004)

Vestan við lóð Mjólkurbús Flóamanna reistu starfsmenn sér íbúðarhús við tvær götur, Þórsmörk og Heiðmörk og nefnist þetta hverfi gjarnan Mjólkurbúshverfið. Húsin voru flest byggð á tímabilinu 1940-1960 og standa innan upphaflegs lands Laugardæla. (Viðtal við safnstjóra Byggðasafns Árnesinga, Lýð Pálsson. 29.09.04)

Sjúkrahús Suðurlands

Sjúkrahús tók til starfa á Selfossi 15. febrúar 1958. (SS II:208). „Árið 1971 var hafist handa við að hanna nýtt sjúkrahús fyrir Sunnlendinga og tók það til starfa 18. desember 1981. Árið 1998 var nafni stofnunarinnar breytt af heilbrigðisyfirvöldum í Heilbrigðisstofnunin Selfossi og nær það nafn yfir bæði sjúkrahúsið og Heilsugæslustöð Selfoss sem rekin er í sama húsi.“ (hss.selfoss.is) Sjúkrahúsið er á landi sem fyrir árið 1947 tilheyrði Laugardælum. Þyrping íbúðarhúsa fyrir aldraða hefur byggst upp sunnan og vestan Sjúkrahússins og standa þau á upprunalegri Laugardælajörð.

Selfoss

Á stríðsárunum fór byggð mjög vaxandi við Ölfusárbrú. Meginhlutinn var í Sandvíkurhreppi en allmörg hús höfðu verið reist utan ár, í Ölfushreppi, og austur við Mjólkurbúið, í Hraungerðishreppi. Olli þetta vaxandi óánægju íbúa Selfossbyggðar sem bjuggu í Hraungerðishreppi og Ölfushreppi sem töldu eðlilegt að steypa allri byggðinni saman í eitt hreppsfélag. (Sb II: 297)

Eins og vænta mátti voru hreppsyfirvöld í Ölfusi og Hraungerðishreppi mótfallin öllum hugmyndum um sérstakt sveitarfélag fyrir byggðina kringum Ölfusárbrú enda talsverðar útsvarstekjur að hafa af íbúum þessara jaðarsvæða. Niðurstaðan varð þó að endingu sú að Selfosshreppur var stofnaður 1. janúar 1947. „Nokkurt landssvæði var af [Laugardæla-] jörðinni tekið og lagt undir Selfosshrepp þegar hann var stofnaður árið 1947.“ (Sb II:456) Þau örnefni sem tilheyra því landsvæði eru eftirfarandi: „Sneið sú, sem lögð var Selfosshreppi af Laugardælalandi, nær austur að **Virkisvörðu** og víkinni fyrir norðan **Stekkjarnef**, berg sem gengur út í Ölfusá móts við Efri-Laugardælaeyju. Fyrir neðan það er **Varmilækur**, kaldavermsl, sem aldrei fraus. Upptök hans eru tvær uppsprettur 300 metra frá ánni. Var vatnið talið komið ofan úr Laugardælavatni í gegnum hraunið, enda sést þar móta fyrir gjá á stöku stað. Í ánni er **Fremri-Laugardælaeyja** og **Efri-Laugardælaeyja**. Við Varmalæk taka við **Bakkar**, þurrir sandbakkar með ánni fram í Fosslæg. Upp af þeim er **Moshólsmýri**, sem náði frá Þórishólum og þar sem nú er Mjólkurbúið og upp undir Moshól, hjáleigu í túninu útsuður frá Laugardælum. Hún var þýfð og spratt illa nema helzt í rosasumrum. Vestast í henni eru **Þórishólar** við Sjúkrahúsið. Þegar Mjólkurbúið tók til starfa, var grafinn skurður norður í á og gekk undir nafninu **Svínaskurður**.“ (SS I:35-36) Engin

Þessara örnefna benda til fornleifa utan við Þórishóla sem eru skráðir undir Selfossi og eru utan við deiliskrársvæðið.

Samantekt

Við vettvangsathugun kom í ljós að engar minjar eru á viðkomandi deiliskrársvæði. Engar heimildir eru til um minjastaði á þessu svæði og að sögn Guðmundar Kristinssonar sem ritað hefur *Sögu Selfoss* er ekkert þar að finna.

Hafa verður í huga að fornminjar geta komið óvænt í ljós þótt þeirra sjái ekki stað á yfirborði. Þá þarf að stöðva framkvæmdir og tilkynna fundinn til Fornleifaverndar ríkisins.

Heimildaskrá

Annálar VI: *Annelar Islandici Posteriorum sæculorum. Annálar 1400-1800*. VI. bindi. 1987. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.

DI IV: *Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn*. Fjórða bindi. 1897. Gefið út af Hinu íslenska Bókmenntafélagi, Kaupmannahöfn.

DI XII: *Diplomatarium Islandicum. Íslenzkt fornbréfasafn*. Tólfta bindi. 1923-1932. Gefið út af Hinu íslenska Bókmenntafélagi, Reykjavík.

Fb : Sigurgrímur Jónsson, Jón Guðmundsson og Páll Lýðsson. 1989. *Flóabúið. Saga Mjólkurbús Flóamanna í 60 ár*. Mjólkurbú Flóamanna, Selfossi.

Íf I: *Íslensk fornrit I Íslendingabók og Landnáma*. 1968. Hið íslenska Bókmenntafélag, Reykjavík.

Jál: J. Johnsen. 1847. *Jarðatal á Íslandi*. Gefið út af J. Johnsen, Kaupmannahöfn.

JÁM: Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1981. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín*. Gefin út af Hinu íslenska fræðafjelagi í Kaupmannahöfn, Kaupmannahöfn.

KÍ: Guðmundur L. Hafsteinsson, Þór Magnússon og Þóra Kristjánsdóttir. 2002. *Kirkjur Íslands. Friðaðar kirkjur í Árnesprófastsdæmi. Hraungerðiskirkja, Ólafsvallakirkja, Stóra- Núpiskirkja og Villingaholtskirkja*. Þjóðminjasafn Íslands, Húsafríðunarnefnd ríkisins og Biskupsstofa, Reykjavík.

Orkuöflun, dreifing og sala og Stutt söguágrip.

<http://www.selfossveitur.is/page.asp?Id=515&sid=212>

Sb II: *Sunnlenskar byggðir II. Flóinn*. 1981. Ritnefnd: Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson. Búnaðarsamband Suðurlands.

Sjúkrahús Suðurlands. <http://hss.selfoss.is/sjukrahusid.htm>

SS I: Guðmundur Kristinsson. 1991. *Saga Selfoss I. Frá landnámi til 1930*. Selfoskaupstaður, Selfossi.

SS II: Guðmundur Kristinsson. 1995. *Saga Selfoss II. Frá 1930 til 1960*. Selfoskaupstaður, Selfossi.

Su: *Suðri III*. 1975. Bjarni Bjarnason frá Laugarvatni safnaði. Selfossi.

Sveitarfélagið Árborg. Selfoss, *Aðalskipulag 1995-2015, breyting*. Verkfræðistofa Suðurlands, júní 2004. Eftir tillögum Teiknistofunnar Hannar.

Útdráttur úr sögu Mjólkurbús Flóamanna.

<http://www.mbf.is/index.asp?efni=219&fl=Saga>

Mynd við efnisyfirlit

Kortagerð: Verkfræðistofa Suðurlands. Teiknað af H. B. S. A.B.H. 26.02. 2004. *Skipulagsuppdráttur*. Mjólkurbú Flóamanna. Teiknistofan Hönn, Austurvegi 44, Selfossi.



Tillaga að deiliskipurlagi lóðar Mjólkurbús Flóamanna, Austurvegi 65, Selfossi